

LANDSLAG

VIÐ STRÖNDINA

☐ Fjara



Tiltölulega flatt land sem liggur næst sjó.

☐ Dalur



Lægð sem liggur inni á milli fjalla eða hærri landsvæða á tvo eða þrjá vegu.

☐ Eyjur og sker



Land sem er umlukið sjó, eins og Ísland. Við Ísland liggja svo enn minni eyjar og sker.

☐ Árós



Þar sem á eða fljót mætir hafi.

☐ Drangar



Bergmassi sem rís hátt upp úr sjó.

☐ Fjörður



Þröngt hafsvæði með strönd á þrjár hliðar.

☐ Flói



Mjög breiður fjörður, með minni fjörðum og víkum.

☐ Skagi/nes



Fast land sem gengur fram í sjó eða vatn, með vatn á þrjá vegu.

☐ Rif og lón



Þar sem sandur og mól hafa sest í mynni fjarða eða víkna og lokað fyrir sjóinn.

○ **Sjávarhellir**



Þar sem sjór hefur sorfið op inn í klettavegg við ströndina.

○ **Gatklettur**



Þar sem sjórinn hefur í tímans rás sorfið gat í gegnum klettanes sem gengur út í sjó.

○ **Hnullungafjara**



Fjara sem einkennist af hörðum klöppum og stórgrýti, oft rúnnuðu og sléttu.

○ **Sjávarhamrar**



Há og yfirleitt lóðrétt björg sem liggja fram í og meðfram sjónum.

○ **Eyri**



Þar sem hafstraumur ber með sér möl og sand og byggir upp lítið nes sem skagar út í sjó.

○ **Leirur**



Mjög grunnt og sendið sjávarsvæði, oft í mynni áa eða við botn fjarða, sem sést best þegar það er fjara.

○ **Skeljafjara**



Ljósugar eða rauðleitar fjörur, þar sem mikið magn brotinna skelja litar fjöruna.

○ **Eiði**



Mjótt rif sem tengir eyju eða sker við land. Getur farið í kaf á háflóði.

○ **Malarkambur**



Efsta svæðið í fjörunni, þar sem steinar og möl hafa hlaðist upp í stormum og sjógangi.